

BERGUR TÓMASSON

Leiðbeinandi reglur um umritun úr taílensku

Greinin er hluti af lengri ritgerð Bergs Tómassonar. Meðal þess sem finna má í ritgerðinni, en er sleppt hér, má nefna tilraun til (fræðilegrar) umstöfunar, ýtarlegri umfjöllun um tóna í taílensku, lengri greinargerð um taílensk töluorð, fleiri dæmi um taílensk mannanöfn og tíu sinnum lengri íslensk-taílenskan orðalista. –Ritstj.

Tildrög verkefnisins

Þessar leiðbeinandi reglur voru unnar sem Nýsköpunarsjóðsverkefni sumarið 2002 í samstarfi við Fjölmeningarsetur á Vestfjörðum og Íslenska málstöð. Umsjónarmaður frá Háskóla Íslands var Kristján Árnason prófessor í íslensku. Elsa Arnardóttir frá Fjölmeningarsetrinu hafði samband með hugmyndina við Kristján en hann bar hana undir nema sem sátu námskeiðið Mál og samfélag. Einn þeirra, Bergur Tómasson, tók verkið að sér. Elsa vissi af þörfinni fyrir reglur af þessu tagi. Til dæmis áttu bókasöfn í vanda við að skrá taílenskar bækur og ekki var heldur hægt að skrá nöfn Taílendinga í réttri mynd með íslenskum stöfum. Taílensk nöfn hafa því stundum verið notuð í enskri mynd hér á landi en sumir hafa tekið upp ný nöfn eða aðlöguð. Reglunum var því meðal annars ætlað að stuðla að samræmi í skrásetningu nafna þótt líklega sé það of seint í einhverjum tilfellum.

Snemma í maí 2002, þegar ljóst var að styrkur fengist til verksins, var haldinn fundur í Íslenskri málstöð. Þar voru Bergur, Kristján, Elsa og Ari Páll Kristinsson sem yrði fulltrúi málstöðvarinnar. Rætt var um verkefnið og það mótað meira. Ákveðið var að málstöðin myndi útvega staðal um umritun taílensku úr ensku sem nota mætti til hliðsjónar. Þá var vitað um taílenskumælandi fólk sem gæti verið til aðstoðar og ákveðið var að hafa samband við Andreu Sompit Siengboon og Robert Eddison.

Um miðjan maí héldu Bergur, Andrea og Robert fund þar sem Taíland og taílenska voru rædd, Robert lagði fram gögn um rittáknin og lánaði auk þess málfræðibók um taílensku. Það var meira en nóg efni til að koma verkefninu af stað. Málfræðibókin nýttist ekki síst til að gefa innsýn í tónakerfi tungumálsins sem virðist byrjendum oft flókið. Eftir þetta fór vinnan af stað, fundnir voru haldnir nokkrum sinnum yfir sumarið, ýmist hjá Andreu eða í málstöðinni. Andrea veitti ráðgjöf um taílensku en þeir Kristján og Ari um íslensku. Staðallinn var sóttur snemma í júní og einnig fékkst lánuð taílensk-ensk orðabók og kort yfir rittáknin. Í lok júní hitti Bergur einnig Kesöru Anamthawat-Jónsson sem er prófessor við líffræðiskor Háskóla Íslands. Hún veitti upplýsingar um nöfn í taílensku. Nöfnin áttu að vera til að gefa dæmi um notkun reglnanna en síðar var ákveðið að nota til þess aðallega orðalista frá Andreu (einn tíundi hluti listans fylgir hér á eftir). Nöfn í taílensku eru dálítið annars eðlis en í íslensku, til dæmis er ekki mikið um algeng nöfn heldur eru þau oft einstæð. Eftirnöfn og ættarnöfn eru enn fremur vandmeðfarin og fullpersónuleg mál til að taka inn í svona verkefni.

Ýmislegt varðandi ramma verkefnisins var endurskoðað og metið á meðan á vinnunni stóð og útkoman er með örlítið öðrum áherslum en lagt var upp með. Þar á meðal er það að nota orðalista frekar en nöfnin. Loks er Andrea að vinna með hugmyndir að kennsluefni til að setja á Netið og líklega nýttist þessi vinna þar ef af verður, bæði orðalistinn og umritunarreglurnar. En vonandi hefur tekist að þjóna tilganginum og þeirri þörf sem var kveikjan í upphafi.

Umritun

Orð tungumáls, sem eru skifuð skv. ákveðnu kerfi, verða stundum að komast til skila með túlkun miðað við annað kerfi, umritunarkerfið, yfirleitt fyrir annað tungumál. Þetta ferli er oft notað í sögulegum eða landfræðilegum textum, kortagerð og bókfræðitextum þar sem verður að umrita stafi úr ólíkum ritmálum.

Til eru tvær meginleiðir til að útbúa reglur af þessu tagi, *umstöfun* og *umritun*.

Umstöfun felur í sér að tákni kemur í stað tákns, hvert og eitt tákni er túlkað, hvort sem það táknar fónem, atkvæði, orð eða annað. Með þessu móti er hægt að tryggja tvístefnu í kerfinu. Þar sem fjöldi tákna í táknerfum ritmálanna er ekki hinn sami (eins og í þessu tilfelli) verður að nota samstöfur eða sérmerkingar. Best er að hafa slíkar merkingar eins kerfisbundnar og hægt er og jafnframt rökréttar. Hins vegar er ekki tryggt að svona kerfi komi réttum framburði umbreytta ritmálsins til skila, til dæmis er erfitt að gera grein fyrir notkun tóna í taflensku. Markmiðið er að hægt sé að sjá hvernig orð eru rituð í upphafsmálinu og stundum er stefnt að sjálfvirku eða tölvustýrðu ferli. Umstöfun er einnig kölluð vísindaleg umritun.

Við *umritun* eru hljóð tungumálsins notuð til grundvallar umritunarkerfinu. Hér er tvístefna ekki tryggð eins og við umstöfun (hér hefur þó verið reynt að komast sem næst því). Þetta er eina ferlið sem getur nýst milli mála sem ekki eru algerlega atkvæðabundin eða stafrófsbundin. Meginmarkmiðið er að gera orð læsileg á viðtökumálinu. Til að umrita táknerfi á rómverskt letur má nota ýmist umstöfun eða umritun eða blöndu beggja eftir því hvað hentar viðkomandi kerfum. Umritun hlýtur að vera ólík eftir því hvert viðtökumálið er. Til dæmis eru þrjár gerðir s-hljóða í taflensku sem erfitt er að koma til skila í íslensku. En umbreytingar af þessu tagi geta kallað á málamiðlanir og jafnvel að litið sé fram hjá þjóðlegum venjum og slíku. Þegar ekki er látið nægja að koma hljóðunum til skila heldur reynt að sveigja orð enn frekar að málfræðireglum og hefðum viðtökumálsins mætti fremur tala um aðlögun en umritun. Það er til dæmis vel þekkt þegar eiginnöfn eru aðlöguð íslensku.

Þótt umstöfun sé gjarnan notuð, t.d. á bókasöfnum, er þessum umritunarreglum fyrst og fremst ætlað að koma rithætti nafna (t.d. bóka og eiginnafna) í skrá og því eðlilegra að nota umritun. Hvað taflensku varðar gæti sú aðferð verið hentugri því að þar með er hægt að komast nær framburði nafnanna og koma í veg fyrir misskilning. Umstöfun gerir til dæmis ekki ráð fyrir innbyggðum sérhljóðum og slíku. Umstöfun er helst notuð í sérhæfðri vinnu og er líklega óþarflega flókin til notkunar á almennu sviði.

Til að útbúa umritunartöflur var stuðst við ISO 11940 staðalinn, *Transliteration of Thai*, auk þess sem gögn frá Robert Eddison voru notuð. Loks má nefna bækurnar *The Fundamentals of the Thai Language* og *Thai-English Dictionary*. Andrea las þetta yfir og gerði athugasemdir.

Umritunartöflur

Töflurnar leiðbeina um samsvörun taílenskra rittákna og íslenskra.

Samhljóð

Með bakstöðu samhljóða er hér átt við að samhljóð sé lokahljóð í atkvæði.

Táknið **ə** merkir stundum samhljóð (raddbandaönghljóð) en stundum sérhljóð, *o*.

taílenska	íslenska framstaða / bakstaða	taílenska	íslenska framstaða / bakstaða
ก	g	ท	t
ข	k	ฑ	t
ช	k	น	n
ค	k	บ	b
ศ	k	ป	p
ฌ	k	ผ	p
ง	ng	ฝ	f
จ	dj / d	พ	p
ฉ	tj	ฟ	f
ช	tj / t	ภ	p
ซ	s	ม	m
ฌ	tj	ย	j
ญ	j / n	ร	r / n
ฎ	d	ล	l / n
ฏ	t	ว	v / úa
ฐ	t	ศ	s / t
ฑ	t	ษ	s / t
ฒ	t	ส	s / t
ณ	n	ห	h (stundum hljóðlaust)
ด	d	ฬ	l / n
ต	t	อ	h
ถ	t	ฮ	h

Samhljóð – sérhljóð, límingarstafir

taílenska	íslenska	taílenska	íslenska
อ	rö	ภ	lö
อา	rö	ภา	lö

Sérhljóð

tailenska	íslenska	tailenska	íslenska
เ-ะ	a	เ-ุ	ú
เ-ะ	a	เ-เ	ei
เ-า	a(a)	เ-เ	ei
เ-า	am	แ	e
เ-ิ	i	แ-เ	e
เ-ิ	í	เ-เ	ó
เ-ิ	ö	เ-เ	æ
เ-ิ	ö	เ-เ	æ
เ-ู	u		

Samsett sérhljóð

tailenska	íslenska	tailenska	íslenska
เ-ว	úa	เ-ะ	ei
เ-ว	úæ	เ-า	á
เ-อ	o	เ-า	o
เ-อ	oj	เ-ะ	ö
เ-ย	æ	เ-ย	ja
เ-ว	úa	เ-ย	jó
เ-า	aj	เ-ะ	ja
เ-า	á	เ-อ	öa
เ-ว	iú	เ-อ	öæ
เ-อ	ö	แ-ว	eú
เ-ย	uj	เ-ว	eo
เ-ย	au	แ-ะ	e
เ-ว	eiú	เ-ย	ój
เ-อ	ö	เ-ะ	ó
เ-ะ	ö	เ-ย	aí

Tölustafir

๐	0	๕	5
๑	1	๖	6
๒	2	๗	7
๓	3	๘	8
๔	4	๙	9

Tónatákn

taíenska	umritun	skýring
ˊ	˘	Lágtónn
ˋ	ˆ	Fallandi tónn
ˊ	ˋ	Hár tónn
+	∨	Rísandi tónn

Tónatáknin eru skrifuð ofan við bókstafina. Almennur tónn eða grunntónn er ekki merktur sérstaklega. Auk þess gilda reglur um tóna, bæði þegar ekkert tónamerki er til staðar og um rithátt.

Nokkur sértákn

taíenska	umritun	skýring
≈	˘	Stytting á löngu atkvæði (þegar styttra atkvæði er ekki til í sértákni).
ˋ	˘	Gerir tákn hljóðlaus, t.d. í enda orðs.
¶	«	Táknar endurtekningu orðs, orða eða jafnvel setningar.
ε	≈	„Jamakan“ er skrifað ofan við fyrsta tákn samhljóðaklasa í gömlum textum til að tákna að tvo samhljóða skuli bera fram sem samhljóðaklasa.
⊙	§	„Takæ“ eða „fongman“ er notað í upphafi erinda í kveðskap og líka í upphafi málsgreinar í gömlum textum.
¶		„Angankú“ er notað til að ljúka eða loka málsgreinum í gömlum textum. Það má einnig sameina tákninu „komut“ og mynda ¶C~ til að ljúka sögu.
C~	»	„Komut“ er notað í lok sögu til að gefa endinn til kynna í gömlum textum.

Taíendingar og taíenska

Taíendingar hér á landi eru um 500 og búsettir um allt land. Þó eru flestir í Reykjavík, á Akureyri og á Vestfjörðum. Mest tala þeir taíensku þar sem erfitt eða seinlegt þykir að læra íslenskuna. Enska er kennd sem annað tungumál í Taílandi en áhersla er lögð á málfræði fremur en talmál. Vonast er til að umritunarreglurnar auk orðalistanna verði góður lykill að íslenskunámi Taíendinga, t.d. í tengslum við kennsluefni sem er í vinnslu.

Flestir Taíendingar á Íslandi starfa í fiskiðnaði eða í ræstingum á spítölum. Þeim líkar að sögn vel að búa á Íslandi og eru ánægðir með umhverfið, stjórnarhætti og fleira. Hópurinn kemur hvaðanæva úr Taílandi, helst er að fólk sé af sömu slóðum þar sem stórar fjölskyldur hafa komið saman.

Taílenstkt talmál er breytilegt eftir landsvæðum, mállýskur eru ólíkar eftir því hvort fólk er að norðan, sunnan, austan eða vestan og jafnvel svo að talmálið skiljist ekki milli svæða. En ritmálið er hið sama alls staðar og miðast við fimmta svæðið, höfuðborgina Bangkok, þar sem um er að ræða nokkurs konar ríkismál.

Taílenenska er frábrugðin öllum öðrum tungumálum. Hún er af fylkingu taímála en er eingöngu töluð í Taílandi. Í raun eru til þrjár útgáfur af tungumálinu sem talaðar eru eftir virðingarstigi. Konungur Taílendinga, Ram Kham Heng, ákvað árið 1283 að búa til ritmál og eftir smábreytingar gegnum árin varð taílenstkt ritmál til eins og það er í dag. Tungumálið er í sjálfu sér auðvelt og málfræðin auðlærð. Ritmálið er þó aðeins flóknara en talmálið. Taílendingar búa ekki til nýyrði í stað tökuorða svo að iðulega má heyra ensk orð inni á milli sem þó eru borin fram á taílenstkan hátt.

Tónar

Taílenenska er tónamál sem þýðir að orð geta haft tvær eða fleiri ólíkar og ótengdar merkingar eftir tóninum í framburði. Tónarnir eru fimm alls en ekkert eitt orð er borið fram með öllum fimm tónunum þótt allnokkur séu til sem hægt er að bera fram með tveimur eða þremur. (Stundum er gert ráð fyrir 6 tönunum og er það e.t.v. nákvæmara þótt hefðbundið sé að tala um 5. Sá sjötti er þá hár, stuttur tónn.) Þótt tónarnir virðist í fyrstu flóknir að læra þá eru þeir ekki svo erfiðir jafnvel þótt fólk hafi ekki gott tóneyra. Mörg algeng orð notast aðeins við einn tón og jafnvel þegar orð geta tekið tvo eða þrjá tóna og borið ólíka merkingu þá hefur samhengið þau áhrif að merkingin kemst til skila jafnvel þótt framburðurinn sé ekki fullkominn.

Tónarnir:

Hátónn er ofar venjulegri raddhæð og mætti líkja við viðvörunartón í íslensku, sbr. upphrópunina „farðu FRÁ“.

Stígandi tónn; eins og nafnið bendir til rís hann úr venjulegri tónhæð raddarinnar upp í hátón. Líkja má tónfallinu við spurningar- eða undrunartón, t.d. „ertu FARINN?“ eða „hvað ertu að GERA?“.

Almennur tónn eða *grunntónn* er einfaldlega eðlileg tónhæð mælanda, án nokkurra blæbrigða eins og getur verið viðeigandi í venjulegum samtölum.

Lágtónn er án blæbrigða en liggur lægra en grunntónninn.

Hnígandi tónn er með sterkum blæ, líkum þeim sem heyrast þegar maður leggur áherslu á eitthvað. Sem dæmi má nefna setningar eins og „ég SAGÐI ÞÉR þetta“; tónninn fellur niður í lágtón.

Skýlt er að nefna að tónninn á alltaf við eitt atkvæði í senn svo að í löngum orðum eða margatkvæða geta atkvæðin verið hvert með sinn tón. Í taílenstku eru orðin merkt tónatáknum sem ásamt nokkrum reglum um tónaflokka sérhljóðanna sýna hvaða tónn á að vera í framburði.

Nokkur málfræðiatríði

Taílenenska er FSA-mál, þ.e. grundvallarorðaröð er frumlag, sögn, andlag. Enginn greinir er til með nafnorðum. Nafnorð og fornöfn beygjast ekki í kyni, tölu, falli né öðru, heldur eru þessi atríði gefin til kynna með notkun annarra orða. Þannig er eign gefin til kynna líka. Tala er ákvörðuð með notkun töluorða. Dauðir hlutir hafa ekki kyn og þar sem greina þarf frá kyni lifandi fyrirbæra er það gert með sérstökum orðum. Lýsingarorð koma venjulega á eftir orðunum sem þau eiga við.

Spurnarsetningar og svör eru lík; spurnarsetning þekkist á því að spurnarorði er bætt (venjulega) aftan við setninguna. Orðið *mæ*, borið fram með rísandi tóni í lok

setningar, er sennilega algengasta spurnarorðið. Notkun þess er sambærileg því að setja spurningarmerki í lok setningar. Þegar spurnarsetningar hafa orð eins og *hver*, *hvers vegna*, *hvenær*, *hvar* og slík er ekki þörf á öðru spurnarorði.

Stafróf og stafsetning

Samhljóðar skiptast í flokka eftir tónareglum en sérhljóðar í einfalda og samsetta. Samsettir sérhljóðar eru annars vegar einfaldir sérhljóðar í sambandi við ákveðna samhljóða eða tveir eða fleiri einfaldir sérhljóðar sem eru notaðir saman sem einn. Auk þessa eru fjögur tákni sem standa fyrir hljóð samsett úr samhljóða og sérhljóða. Þau eru að vísu ekki algeng. Engir stórir stafir eða hástafir eru notaðir í taílenku og engin greinarmerki heldur. Bil milli orða eru ekki eins og í t.d. íslensku heldur geta komið bil milli orðahópa eða -sambanda og fara aðallega eftir smekk ritans.

Nöfn samhljóða eru borin fram þannig að *-or* er bætt við. Til dæmis er táknið 𑜀 (g) nefnt *gor* og táknið 𑜁 (ng) nefnt *ngor*. Þar sem til eru nokkrir hópar samhljóða sem bera sama hljóðið, t.d. eru táknið 𑜂, 𑜃 og 𑜄 öll borin fram *s* og nefnd *sor*, þarf að aðgreina þau og því eru þeim öllum gefin nöfn. Nöfnin vísa þá til útlits tákna eða einhverra líkinga. Þannig er táknið 𑜅 nefnt *sor kor* vegna líkingar táknsins við táknið *kor* (𑜆) og táknið 𑜇 nefnt *sor seu* þar sem orðið *seu* hefur þetta tákni og þýðir *tígur*.

Margir samhljóðar bera ólíkt hljóð eftir því hvort þeir eru í upphafi atkvæðis eða í lok orðs eða atkvæðis. Þannig tákna 𑜈 í upphafi atkvæðis *s* en í lok atkvæðis *t*.

Öll atkvæði í taílenku, sem enda á samhljóða, verða að enda á *m*, *n*, *g*, *k*, *p* eða *t*. Í samtölum er það þá oftast þannig að *p*- og *t*-hljóðin í bakstöðu eru líkari *b* og *d*.

Sérhljóðar eru ritaðir ýmist framan við, ofan við, neðan við eða í kringum samhljóðann sem þeir standa með en sérhver sérhljóði er þó alltaf í sömu stöðu miðað við samhljóða og er borinn fram á eftir samhljóðanum. Til að gefa stöðu sérhljóðans til kynna er bandstrik haft með og staðan sýnd miðað við það (sbr. umritunartöfluna hér á undan). Gæta verður að því hver staða sérhljóða miðað við samhljóða á að vera þegar umritað er.

Sérhljóðatákni getur ekki staðið eitt og sér, það verður ávallt að vera í sambandi við samhljóða. Þar sem þarf að setja stakan sérhljóða verður að bæta við samhljóðinu 𑜉 (h) en það er þá ekki borið fram.

Sérhljóðar eru alltaf bornir fram á eftir samhljóða. Þannig er samstafan 𑜊𑜋, þ.e. $a+k+r$, borin fram *kræ*.

Innbyggð sérhljóð

Mörg orð í taílenku hefjast annaðhvort á tvöföldum samhljóða eða hafa tvo samhljóða saman í miðju orði. Stundum er hægt að bera tvo samhljóða saman líkt og í íslensku en hins vegar er algengt að innbyggt eða „eðlislægt“ sérhljóð sé lesið milli tveggja samhljóða, þau algengustu eru *a* og *o*.

Innbyggða *a*-hljóðið er stutt *a*, nánast það sama og skrifaða sérhljóðið (-*ə*) en þó jafnvel styttra. Það er notað þar sem tveir samhljóðar eru saman en virka sem upphafshljóð tveggja atkvæða. Þannig yrði íslenska orðið *sprang* til dæmis skrifað á taílenku 𑜌𑜍𑜎 en borið fram *sa-prang*. Á sama hátt er taílenka orðið 𑜏𑜐𑜑 eða *snug* (*gladur*) borið fram *sa-nug*. Þetta innbyggða sérhljóð á að umrita með bókstafnum *a*, rétt eins og táknið -*ə*.

Innbyggða *o*-hljóðið er notað milli tveggja samhljóða þar sem sá fyrri er fyrsta samhljóði atkvæðis en sá síðari lokasamhljóði atkvæðis. Þannig er orðið **ลม** (*vindur*), *lm*, lesið *lom*. Orðið **ดนตรี** (*tónlist*), *dntrí*, er lesið *dontrí*. Þetta innbyggða *o*-hljóð er táknað með bókstafnum *o* í umritun.

Til eru orð sem nota bæði hljóðin. Til dæmis er orðið **ถนน** (*gata*), *tnn*, lesið *tanon* og orðið **สกปรก** (*óhreinn*), *sgprg*, er lesið *sog-ga-prog*.

Ekki er gott að gefa algildar reglur um notkun þessara innbyggðu hljóða þótt oftast reynist fólki auðvelt að finna þau. Stundum er til dæmis hægt að velja milli þeirra þannig að úr verður mismunandi merking.

Sérstök atriði í stafsetningu

Ákveðnir taflenskir samhljóðar standa fyrir annað hljóð þegar þeir eru tveir saman en þeir hefðu gert hvor um sig.

a) Samhljóðarnir **ทร** eða *tr* á íslensku eru vanalega bornir fram sem *s* þegar þeir standa saman og eru þá umritaðir sem *s*.

b) Tvöfaldi samhljóðinn **รร** eða *rr* er stundum ritaður í stað sérhljóðsins \ddot{r} . Ef enginn lokasamhljóði er í atkvæðum þar sem þetta á við er samhljóðið *n* haft á eftir *a*-hljóðinu. Dæmi um þetta eru orðin **บรรพบุรุษ** (*hlaða*) sem myndi þá umritast *bantug* og **พระนาง** (*regntímabil*) sem myndi þá umritast *pansa*.

c) Stundum er stakur samhljóði í miðju orði sem virkar sem lokasamhljóði eins atkvæðis jafnt sem upphafssamhljóði þess næsta. Þá er samhljóðinn í raun bæði upphafs- og lokahljóð. Dæmi er orðið **ผลไม้** (*ávöxtur*) sem myndi þá umritast *ponlamæ*. Hér er táknið **ล** lokasamhljóði fyrsta atkvæðisins sem ber innbyggt *o*-hljóð og þar sem táknið er í lok atkvæðis fær það bókstafinn *n*. En sem upphafssamhljóði næsta atkvæðis fær það bókstafinn *l* (sbr. umritunarreglur) og atkvæðið ber innbyggt *a*-hljóð.

d) Tvöföldu samhljóðarnir **ศร** (*sr*) og **สร** (*sr*) eru stundum lesnir saman sem *s* eins og fjallað var um í a) hér á undan um **ทร** (*tr*). Í þessum tilfellum bera þeir aðeins *s*-hljóð og fá táknið *s* í umritun. Dæmi eru orðin **ศรี** (*ljómi*) sem umritast *sí* og **สร้าง** (*byggja*) sem umritast *sang*. Í öðrum tilfellum er litið svo á að milli samhljóðanna sé innbyggt *a*-hljóð og báðir samhljóðar lesnir, *a* komi þá fram við umritun og báðir samhljóðarnir. Dæmi um það eru orðin **สร้าง** (*líkamsbygging*) sem umritast *sa-ríra* og **สรุป** (*draga saman*) sem umritast *sa-rup*.

e) Þegar **จ** (*dj*) og **ร** (*r*) koma saman sem upphafssamhljóðar er yfirleitt innbyggt *o* á milli þeirra.

f) Í fáeinum algengum orðum eru sérhljóðin \ddot{r} og \ddot{r} ekki lesin þótt þau séu rituð og þar af leiðandi koma þau ekki fram í umritun. Dæmi um þetta eru orðin **เหตุ** (*ástæða*) sem þá umritast *heit* og **ชาติ** (*land, þjóð*), sem þá umritast *tjat*.

g) Í tveggja atkvæða orðum þar sem fyrri atkvæðið endar á stuttu *a*-hljóði (\ddot{a}) eða innbyggða *a*-hljóðinu og síðara atkvæðið hefst á samhljóðanum **ห** (*h*) þá eru *a* og *h* gjarnan aðskilin með bandstriki til að forðast rugling í framburði.

h) Í fáeinum orðum, sem enda á tvöföldum samhljóða þar sem **ร** er sá síðari, er innbyggt *or*-hljóð milli samhljóðanna tveggja. Þannig eru til dæmis orðin **ศรี** (*ör*) sem umritast *sorn* og **นคร** (*borg*) sem umritast *nakorn*.

Örstuttur íslensk-taíleskur orðalisti með umritun

Þetta er sýnishorn (40 orð) úr um 400 orða lista frá Andreu Sompit Siengboon. Umrituðu orðunum er hér skipt í atkvæði með bandstriki til að skýra eða einfalda framburð. Tónatáknum er sleppt.

íslenska	taíleska	umritun
afi	ปู่, ตา	pú, taa
amma	ย่า, ยาย	jaa, jaaj
barn	เด็ก	deig
bíll	รถ	rot
borða	กิน, ทาน	gin, taan
bók	หนังสือ	nang-sö
brauð	ขนมปัง	ka-nom-pang
drekka	ดื่ม	döm
ekki	ไม่, ไม่มี	mæ, mæ-mí
ég	ฉัน	tjan
fara	ไป	pæ
fá	ได้รับ	dæ-rab
fiskur	ปลา	plaa
fjölskylda	ครอบครัว	krop-krúa
flugvél	เครื่องบิน	kröag-bin
foreldrar	ผู้ปกครอง	pú-pog-krong
fólk	คน	kon
ganga	เดิน	dön
gera	ทำ	tam
góður	ดี	dí
heima	อยู่บ้าน	jú-ban
hjálpa	ช่วย	tjúæ
hús	บ้าน	ban
hvað	อะไร	ha-ræ
hvar	ที่ไหน	tí-næ
hvenær	เมื่อไร	möa-ræ
hver	ใคร	kræ
hvernig	อย่างไร	jang-ræ
já	ใช่	tjæ
kaupa	ซื้อ	sí
kjöt	เนื้อ	nöa
kona	ผู้หญิง	pú-jing

kosta	ราคา	ra-kaa
maður	ผู้ชาย	pútjaj
mjólk	นม	nom
nei	ไม่	mæ
selja	ขาย	kaj
sofa	นอน	non
vinna	งาน	ngaan
bessi	นี้	ní

Nöfn

Nöfn Taílendinga eiga oft rætur sínar í sanskrít og eru þá tengd saman eða mynduð þannig að þau hljómi líka vel. Gælunöfn hins vegar eru oft meira notuð í tali og þau eru oft dregin af taílenskum orðum eða vísunum í persónueinkenni þeirra sem þau bera. Hér er hluti af nafnalista sem Kesara Anamthawat-Jónsson útvegaði og á hann að gefa smádæmi um notkun umritunarreglnanna:

kvennanöfn	umritun	karlanöfn	umritun
นงนุช	Nongnut	กำธร	Gamtorn
ปราณี	Praaní	นที	Natí
วนิดา	Vanida	มนัส	Manat

Heimildir

Campbell, Stuart og Shaweevongs, Chuan. [] *The Fundamentals of the Thai Language*, 5. útg. 1. útg. 1957. Prachandra Press, Bangkok.

ISO 11940. 1998. *Information and documentation – Transliteration of Thai*. International standard. Ref.nr. ISO 11940:1998(E).

Jón Sveinbjörnsson, Kristján Árnason, Svavar Hrafn Svavarsson, Veturliði Óskarsson, Þorsteinn Þorsteinsson. 1997. Leiðbeinandi reglur um umritun úr gríska stafrófinu. *Málfregnir*, 7(2):2-7.

McFarland, George Bradley. 1998. *Thai-English Dictionary*. 1. prentun 1944. Stanford University Press. Stanford, California.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.